STJÓRNARTÍÐINDI B 107 – 2003

Nr. 691 2116 16. september 2003

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 774, 8. nóvember 2002, um bann við síldveiðum við Suðausturland.

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein er orðist svo: Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt frá og með 16. september 2003, að stunda síldveiðar á svæði er markast af línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 33′N – 12° 28′V
2. 64° 18′N – 12° 28′V
3. 64° 11′N – 13° 28′V
4. 64° 24′N – 14° 32′V
5. 64° 33′N – 14° 25′V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. september 2003.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Guðríður M. Kristjánsdóttir.

Stjórnartíðindi B 107, nr. 691. Útgáfudagur 17. september 2003.

Gutenberg